

## Fundargerð

**Aðalfundur** Skólaskrifstofu Austurlands var haldinn í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði. Fundurinn hófst kl. 15:00 fimmtudaginn 22. október 2009.

Eftirtaldir fulltrúar voru mættir:

Svanhvít Aradóttir	umboð f. Breiðdalshrepp
Halldóra D. Hafþórsdóttir	umboð f. Djúpavogshrepp
Práinn Lárusson	umboð f. Fljótsdalshérað
Sigurbjörn Marinósson	umboð f. Vopnafjarðarhrepp
Elfa Rúnarsdóttir	umboð f. Seyðisfjarðarkaupstað
Margaret Johnson	umboð f. Fljótsdalshrepp
Póroddur Helgason	umboð f. Fjarðabyggð

Fulltrúi Borgarfjarðarhrepps boðaði forföll. Sigurbjörn sat einnig fundinn sem forstöðumaður.

### Dagskrá:

1. **Setning og kosningar**
2. **Skýrsla stjórnar**
3. **Ársreikningur 2008**
4. **Fjárhagsáætlun fyrir 2010**
5. **Kosningar fyrir næsta ár**
6. **Önnur mál**

#### 1. Setning og kosningar

Formaður Svanhvít Aradóttir setti 14. aðalfund Skólaskrifstofunnar. Halldóra Dröfn var kjörin fundarritari og Svanhvít fundarstjóri.

#### 2. Skýrsla stjórnar

Svanhvít flutti skýrslu stjórnar. Fundað var 4 sinnum sl. ár, auk 1 símafundar. Svanhvít fjallaði um breytingar á mannahaldi. Grunnskólanemendum hefur fækkað um 40 milli skólaára. Samtals voru 416 tilvísanir sendar til skrifstofunnar.

#### 3. Ársreikningar 2008

Sigurbjörn fór yfir ársreikninga fyrir árið 2008. Megin niðurstöður eru:

Tekjur kr. 48.052.033,-

Rekstrargjöld kr. 51.520.516,-

Tap ársins kr. 1.111.209,- Handbært fé í árslok er kr. 21.856.346,-

Bókfært eigið fé var kr. 184.685,-

Sigurbjörn útskýrði hátt hlutfall lífeyrisskuldbindinga.

Ársreikningurinn var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

#### 4. Fjárhagsáætlun fyrir 2010

Áætlunin hefur verið send til sveitarfélaga til kynningar. Helstu tölur eru: Framlög kr. 39 milljónir, 5 % lækkun frá síðustu áætlun. Kr. 4,4 milljónir eru aðrar tekjur. Laun og launatengd gjöld kr. 37,8 milljónir. Annar kostnaður kr. 11,5 milljónir. Rekstarhalli greiddur úr sjóði verði kr. 5,8 milljónir.

Sigurbjörn las upp bréf frá Vopnafjarðarhreppi varðandi fjárhagsáætlun. Þar var óskað eftir því að við endanlega gerð fjárhagsáætlun 2010 verði útgjöld ekki hærrí en tekjur.

Fundarmenn ræddu þessi tilmæli en voru sammála því að fjárhagsáætlunin væri góð og gild eins og hún er sett fram.

Þóroddur kom með fyrirspurn varðandi það hvort til væru samburðartölur úr öðrum sambærilegum sveitarfélögum, þ.e. hvort við erum að eyða svipuðum fjármunum í þessa þjónustu. Þráinn svaraði því til að það væri mjög athyglisvert að fá slíkar tölur. Hann taldi það þó erfitt þar sem það væru ekki margir að gera þetta eins og við.

Sigurbjörn greindi frá því að 2001 var þetta skoðað á landsvísu. Þar komum við út með þeim ódýrustu á landinu. Nú nýlega var kannað með hlutfall nemenda á sálfræðistöðugildin og erum við með mun fleiri nemendur á hvern sálfræðing en víða annarsstaðar. Nú erum við með rétt um 1000 börn á hvern sálfræðing (þ.m.t. leikskólabörn).

Þráinn ræddi um það hvort við værum kannski of dugleg að senda inn beiðnir.

Sigurbjörn talaði um hve samanburðurinn væri erfiður þar sem aðstæður hér væru allt öðruvísi en t.d. í Reykjavík þar sem úrræðin eru fleiri. Þóroddur endurtók að hann teldi gott að hafa þennan samanburð. Þá ræddi hann um hluti af skýringunum á því hvers vegna beiðnunum hafi fjölgað væri breytingin á samfélaginu. Hann talaði um að mikilvægt væri að fá skólahjúkrunarfræðingana inn í skólana líka.

Svanhvít talaði um mikilvægi námsráðgjafanna og einnig var rætt um félagsráðgjafana, hvernig hægt væri að nýta þá.

Sigurbjörn sagði frá því að starfsfólk Skólaskrifstofunnar hefði verið búið að undirbúa sig varðandi breytingar á samfélaginu hér fyrir austan en kannski hefðu þau ekki átt von á þeim aðstæðum sem urðu hér á landi á síðasta ári.

Margaret sagði frá því að í ME væru starfandi námsráðgjafi og félagsráðgjafi. Þær væru að skila mjög góðri vinnu. Skólahjúkrunarfræðingur var starfandi en er ekki núna.

Þráinn ræddi mikilvægi þess að einfalda hlutina í skólunum.

Fjárhagsáætlunin borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

## 5. Kosningar.

Svanhvít Aradóttir býður sig fram til formanns. Það samþykkt samhljóða.

Sitjandi stjórn býður sig fram og hún kjörin samhljóða, þ.e. Þráinn Lárusson, Elfa Rúnarsdóttir, Einar Björn Kristbergsson og Halldóra D. Hafþórsdóttir.

Skoðunarmenn reikningar voru kjörnir:

Kristinn Briem            Reyðarfirði

Þóroddur Helgason    Reyðarfirði

Til vara: Andrea Borgþórsdóttir Reyðarfirði og Sigurlaug Jónasdóttir Fljótsdalshéraði.

## 6. Önnur mál.

Sigurbjörn þakkaði stjórninni fyrir gott samstarf. Hann fjallaði um samstarf stofnunarinnar við aðrar stofnanir svo sem HSA, Þekkingarnet, félagsþjónustur o.fl. Hann fjallaði um mikilvægi góðrar samvinnu við foreldra og heimili. Helsta gagnrýnin á starfsemi skrifstofunnar væru langir biðlistar en við því væri lítið að gera núna. Þá fjallaði hann um ánægju sína með starfsfólk skrifstofunnar. Svanhvít tók undir orð Sigurbjörns varðandi starfsfólk skrifstofunnar. Sigurbjörn var beðinn um að koma þakklæti til starfsfólks Skólaskrifstofunnar fyrir frábært starf, oft undir miklu álagi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.16:04.

Halldóra D. Hafþórsdóttir, fundarritari.